

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingasamþykktum.

Samkvæmt lögum nr. 19 20. okt. 1905, um byggingasamþykktir, sbr. lög nr. 84 16. des. 1943, um breytingar á þeim lögum, og skipulagslög nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið í dag staðfest byggingasamþykktir fyrir eftirgreind sveitarfélög:

1. Húsavíkurkaupstað,
2. Keflavíkurkaupstað,
3. Þingeyrarkauptún, V.-Ísafjarðarsýslu,
4. Súðavíkurhrepp,
5. Blönduóshrepp,
6. Hafnarhrepp,
7. Hvolsvallarkauptún,
8. Hellu, Rangárvöllum.

Félagsmálaráðuneytið, 30. júní 1967.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

30. júní 1967.

Nr. 105.

REGLUGERÐ

um lánadeild veiðafæraiðnaðar.

1. gr.

Stofna skal í Iðnlánasjóði lánadeild veiðafæraiðnaðar, er hafi þann tilgang að efla og styrkja innlendan veiðafæraiðnað.

2. gr.

Stofnfé lánadeildar veiðafæraiðnaðar er skuldabréf Síldarverksmiðja ríkisins, dags. 6. desember 1952, að eftirstöðvum 11.6 milljónir króna og tekjur lánadeildar verðjöfnunargjald af innfluttum veiðafærum, samkvæmt 1. tl. 1. gr. laga nr. 31, 29. apríl 1967, svo og aðrar tekjur, sem gert er ráð fyrir í sömu lagagrein.

3. gr.

Iðnlánasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 10 milljón króna lán til starfsemi lánadeildar veiðafæraiðnaðar, og er ríkissjóði heimilt að ábyrgjast slíkt lán.

4. gr.

Lánadeild veiðafæraiðnaðar styrkir innlendan veiðafæraiðnað á eftirfarandi hátt:

- a. með lánum til allt að 15 ára með vöxtum, sem mega vera allt að 3% lægri en almennir útlánsvextir Iðnlánasjóðs.
- b. með styrkjum eða vaxtalausum lánum til ákveðins tíma til að stofnsetja veiðafæragerðir eða til verðjöfnunar innlendri veiðafæraframleiðslu, vegna erlendrar samkeppni, enda njóti hin innlenda framleiðsla ekki tollverndar.

Endurprentað blað.